

Samráðsgátt stjórnvalda

Mál nr. 26/2020

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Málefnasvið: Framhaldsskólastig

Tillaga um að færa námslok félagsliða af hæfniprepi 2 á hæfniprep 3

Mímir-símenntun gerir ekki athugasemd við að nám félagsliða verði fært upp á þriðja þrep á Íslenska hæfniramma um nám, svo lengi sem hagsmunir fullorðinna sem tilheyra markhópi framhaldsfræðslulaga séu tryggðir með því að þeim standi áfram til boða að sækja námið og ljúka því hjá símenntunarmiðstöð og njóti til þess fjárstyrks frá Fræðslusjóði eins og verið hefur. Þeir njóti áfram kennsluhátta og aðstöðu til náms sem miðast við þarfir fullorðins fólks.

Inngangur

Á hverju ári sækja mörg þúsund manns sér nám hjá símenntunarmiðstöðvum á Íslandi. Þar af er stór hópur sem tilheyrir svokallaðri framhaldsfræðslu en samkvæmt lögum miðar hún að því að veita fullorðnum einstaklingum með stutta formlega skólagöngu að baki viðeigandi námstækifæri og auðvelda þeim að hefja nám að nýju. Framhaldsfræðslukerfinu er ætlað að bjóða þeim sem ekki hafa lokið framhaldsskólanámi tækifæri til náms. Það verkefni er samvinnuverkefni stjórnvalda og samtaka launafólks og atvinnurekenda. Markmiðið er að hækka menntunarstig íslensku þjóðarinnar til aukinnar virkni í atvinnulífinu og samfélaginu í heild en hlutfall íbúa á Íslandi sem eingöngu hefur lokið grunnmenntun hefur verið mun hærra en á hinum Norðurlöndunum. Það er því ekki að ástæðulausu sem framhaldsfræðslukerfið varð til með tilheyrandi lagasetningu og skilgreiningu á markhópi framhaldsfræðslulaga. Símenntunarmiðstöðvar hafa því um árabil gegnt mikilvægu hlutverki við að hjálpa fullorðnu fólki á vinnumarkaði að afla sér viðurkenndrar starfs- eða framhaldsskólamenntunar. Margt hefur áunnist en við þurfum að gera enn betur.

Hvort sem ákveðið verður að námslok félagsliða, og annað brúarnám sem framhaldsfræðslan hefur hingað til styrkt í gegnum Fræðslusjóð, verði áfram á þrepi tvö á Íslenska hæfniramma um nám eða þau verði færð upp á þriðja þrep - er brýnt að tryggja að fullorðnir geti áfram sótt sér brúarnám hjá símenntunarmiðstöð og hlotið til þess fjárstyrks frá Fræðslusjóði, tilheyri þeir markhópi framhaldsfræðslulaga.

Skýring: Sérstaða símenntunarmiðstöðva

Mikill fjöldi fullorðinna kýs að sækja brúarnám hjá símenntunarmiðstöðvum. Sem dæmi hafa símenntunarmiðstöðvar útskrifað tæplega 2300 af félagsliðabréu frá 2006-2018. Hafa þeir í huga að sá hópur sem sækir til símenntunarmiðstöðva er um margt ólíkur þeim sem sækir inn í framhaldsskólann og er töluverður munur á því hvernig mæta beri þeim hópum bæði kennslufræðilega og í náms- og starfsráðgjöf. Sérstaða símenntunarmiðstöðva liggur í samstarfi við atvinnulífið og í því að mæta þörfum fullorðins fólks við nám, oftast en ekki samhliða vinnu og fjölskyldulífi. Margir eru að hefja nám eftir áralangt hlé frá námi og þurfa ákveðinn stuðning til að fóta sig aftur í námi, bæði hvað varðar námstækni og hvatningu. Þá fá nemendur stuðning samhliða námi frá náms- og starfsráðgjöfum og er það nemendum að kostnaðarlausu fyrir tilstuðlan Fræðslusjóðs.

Tryggja þarf að fullorðnir fái nám og kennslu við hæfi og þarf þar að huga að mörgu, svo sem aldri, starfsreynslu, stöðu á vinnumarkaði, íslenskukunnáttu, stuðningi og ráðgjöf sem miðar að fullorðnu fólki. Nám, kennsla, umgjörð og skipulag námsins þarf að taka mið af því. Reynslan hefur sýnt að nemendur hjá Mími eru ekki endilega til í að sækja nám inn í framhaldsskólana. Nemendur Mímis vilja sækja nám þar sem samnemendur eru á svipuðum aldri og með sambærilega reynslu að baki. Frá 2017-2019 voru nemendur á aldursbilinu 36-41 árs í félagsliðabréu en 33-37 ára í leikskólaliðabréu. Oftast en ekki myndast góð vináttutengsl í nemendahópnum og jafnvel framtíðar starfsfélagar. Þá má nefna að hjá Mími er bekkjarkerfi sem virðist henta nemendahópnum betur en áfangakerfi. Eins er í félagsliðabréu Mímis boðið upp á staðnám sem hentar mörgum betur en fjarnám/dreifnám og mikilvægt að fólk hafi val þar um. Til að undirstrika sérstöðu símenntunarmiðstöðva sem fullorðisfræðslumiðstöðvar þá má nefna að þeir nemendur sem sækja í félagsliðabréu hjá Mími verða að vera orðnir 22 ára og með að minnsta kosti þriggja ára starfsreynslu úr viðkomandi fagstarfi. Þeir verða að hafa lokið fagnámskeiðum eða öðrum sambærilegum starfstengdum námskeiðum sem eru undanfari brúarnáms hjá Mími. Nemendum virðist því henta að geta skipt náminu upp í áfanga í stað þess að velja langt samfellt nám. Þá hafa nemendur verið flestir félagsmenn Eflingar stéttarfélags en Mímir hefur verið í samstarfi við Eflingu um að kynna námið á vinnustöðum og hvetja til þátttöku og þannig styðja og efla fólk á sínum starfsferli.

Það hlýtur að vera fjárhagslegt hagsmunamál þeirra sem tilheyra markhópi framhaldsfræðslulaga að njóta áfram niðurgreiðslu á náminu frá Fræðslusjóði. Fræðslusjóður greiðir jafnframt fræðsluáðilanum fyrir framkvæmd námsins og setur honum stíf skilyrði og gæðaviðmið: <https://frae.is/gaedavottun/>. Mímir hefur hlotið formlega viðurkenningu á að starfsemin standist evrópskar kröfur um gæði fræðslustarfs, raunfærnimats og náms- og starfsráðgjafar, EQM+ (European Quality Mark). Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er vottunaraðili en reglulega úttekt annast viðurkenndur úttektaraðili, Vaxandi – Ráðgjöf.

Síðast en ekki síst ber að hafa í huga að nemendur sem sækja í félagsliðabréu til Mímis umfram framhaldsskólann eru margir af erlendum uppruna með takmarkaða færni í íslensku. Þó kennsla fari fram á íslensku þá fá nemendur faglegan stuðning við að tileinka sér starfstengdan orðaforða, m.a. með stuðningi fagorðalista. Þá fá nemendur einnig hvatningu til að sækja sér enn betri færni í íslensku á starfstengdum íslenskunámskeiðum fyrir útlendinga hjá Mími en hjá Mími er áralöng reynsla og þekking á starfstengdri íslensku fræðslu fyrir þá sem hafa ekki íslensku að móðurmáli.

Athugasemdir

Í ljósi ofangreinds, þar sem sérstöðu símenntunarmiðstöðva og framhaldsfræðslukerfisins er lýst, verður því að teljast ákveðið áhyggjuefni þegar þess háttar breytingar sem hér um ræðir eru lagðar fram með eftirfarandi skilyrðum á framkvæmd námsins:

„Ef breytingin verður samþykkt mun ný námsbrautalýsing vera unnin innan framhaldsskólakerfisins. Jafnframt verður unnin starfstengd námskrá innan framhaldsfræðslukerfisins sem mun gilda inn í nám félagsliða í framhaldsskólum. Fulltrúar beggja kerfa munu skoða hvaða hæfnipættir á námsbraut félagsliða falla að hlutverki framhaldsfræðslunnar. Í framhaldi verður gerð yfirlýsing um einingamat milli námsleiða fyrir verðandi félagsliða innan framhaldsfræðslu og í framhaldsskóla.“ (*Samráðsgátt, mál nr. 26/2020*)

Áhyggjur Mímis snúa að ofangreindu því óljóst virðist hverjar afleiðingar breytinganna verða á hagsmuni markhóps framhaldsfræðslulaga. Af því tilefni gerir Mímir eftirfarandi athugasemdir við boðaðar breytingar á framkvæmd náms félagsliða:

- Að semja eigi tvær námskrár um nám félagsliða. Réttara væri að „learning outcome“ væri það sama, óháð því hvar nemandi lýkur námi.
- Að nemendur muni ekki eiga þess lengur kost að geta klárað félagsliðanámið hjá símenntunarmiðstöð eins og verið hefur. Vitað er að brottfall úr námi er algengara ef nemandi þarf að flytja sig á milli skólakerfa til að geta lokið námi.
- Að horfa eigi framhjá sérstöðu símenntunarmiðstöðva til að mæta nemendahópum þeim sem kjósa að sækja nám hjá símenntunarmiðstöð fremur en framhaldsskóla. Eins og greint er frá hér að ofan virðist sá nemendahópur sem sækir til Mímis vera alls ólíkur þeim sem sækir í framhaldsskólann.
- Að markhópur framhaldsfræðslunnar geti ekki lengur hlotið niðurgreiðslu námsgjalda í Fræðslusjóð eins og verið hefur.
- Að ekki sé horft til áhrifa boðaðra breytinga á það raunfærnimat sem er viðurkennt af menntamálayfirvöldum sem leið fyrir markhóp framhaldsfræðslulaga til styttingar á móti námi, þar á meðal félagsliðanámi. Áhyggjur vakna af áhrifum breytinganna á mönnun faglærðra í stéttinni, gæðum þjónustunnar og hvort færri fullorðnir myndu treysta sér í nám samhliða vinnu.
- Að óljóst er hver áhrif breytinganna yrðu á landbyggðina og jafnan rétt til náms ef símenntunarmiðstöðvum, sem mynda net víða um landið, er ekki lengur heimilt að bjóða upp á nám félagsliða þannig að nemandi geti lokið námi þar. Hafa ber í huga markmið stjórnvalda eins og þau birtast í Þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018–2024 grein A um aðgengi að þjónustu (lið h).

Forsendur breytinga á framkvæmd náms félagsliða virðast óljósar, sem og ákvörðunarferlið í kringum breytingarnar. Þá virðist innleiðingarferli breytinganna óraunhæft, sbr. tölvubréf frá Menntamálastofnun 20. desember 2019 þar sem segir: „Menntamálastofnun og ráðuneytið hafa gert með sér samkomulag um verklag og tímaramma fyrir breytingar á námslokum félagsliða, sjá fylgiskjal.“. Þar er m.a. boðað að haustið 2020 verði ekki innritað á námsbrautir félagsliða á öðru þrepi, brúarnám eða viðbótarnám félagsliða. Nemendur sem þegar eru í námi á þessum brautum ljúka því en síðan verður það lagt niður í þessari mynd. Þá er jafnframt boðað að stefnt sé á að staðfest námsbrautalýsing félagsliða á þriðja hæfniprepi standi nemendum til boða haust 2020.

Fjárhagsáætlanir símenntunarstöðvar gera ráð fyrir óbreyttu fyrirkomulagi 2020 og jafnvel lengur. Fyrirvari til að undirbúa breytt nám og framkvæmd er of stuttur. Ekki virðist hafa verið haft samband/samráð við framhaldsfræðsluna sem hagsmunaaðila við hæfnigreiningu á starfi félagsliða og gerð námskrár, sem og útfærslu boðaðra breytinga. Þá þyki óljóst hvenær, hvar og af hverjum ákvörðun um breytingar var tekin.

Þá má velta fyrir sér hvort boðaðar breytingar á námi félagsliða sé ætlað að vera fyrirmynd að breytingum á öðru brúarnámi sem markhópur framhaldsfræðslunnar hefur hingað til geta sótt hjá símenntunarmiðstöðvum og notið niðurgreiðslu námsgjalda frá Fræðslusjóði en þeirri spurningu er ósvarað.

Lokaorð

Til að draga ofangreint saman þá gerir Mímir ekki athugasemd við að nám félagsliða verði fært upp á þriðja þrep á Íslenska hæfniramma um nám, svo lengi sem hagsmunir fullorðinna sem tilheyra markhópi framhaldsfræðslulaga séu tryggðir með því að þeim standi áfram til boða að sækja námið og ljúka því hjá símenntunarmiðstöð og njóti til þess fjárstyrks frá Fræðslusjóði eins og verið hefur. Þeir njóti áfram kennsluhátta og aðstöðu til náms sem miðast við þarfir fullorðins fólks.

Mímir óskar eftir rökstuðningi fyrir ofangreindum breytingum á framkvæmd félagsliðanáms sem ráðuneytið leggur fram hér að ofan, verði námslok félagsliða færð af öðru þrepi upp á þriðja þrep íslenska hæfnirammans um nám. Jafnframt óskar Mímir eftir nánari lýsingu á boðuðum breytingum á framkvæmd námsins með tilliti til athugasemda sem Mímir leggur hér fram.

Þá lýsir Mímir yfir fullum vilja til samstarfs um mögulegar breytingar á námslokum og er undirrituð boðin og búin til skrafs og ráðagerða sem miða að því að tryggja hagsmuni markhóps framhaldsfræðslunnar.

Reykjavík, 27.02.2019

Virðingarfyllt,

f.h. Mímis-símenntunar:

Sólveig Hildur Björnsdóttir
framkvæmdastjóri